

Nd.

860. Breyttillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 og stjórnarskipunarlögum 3. október 1903. (Pskj. 816).

Frá meiri hluta nefndarinnar.

1. Almenn tillaga (orðbreyting): Hvar þess er í frv. þessu stendur »stjkskl.« eða »stjskr.« skal rita fullum stöfum »stjórnarskipunarlög« eða »stjórnarskrá« (í því falli og tölu, sem við á).
2. Við 1., 7., 8., 10., 12.—21. gr. Þar sem nýmæli (breyting, viðauki o. s. frv.) byrjar framarlega í þessum greinum, sé höfð línuskifti, svo að nýmælið byrji nýja línu.
3. Við 6. gr.: Fyrir »rofið Alþingi ... sem segir í 10. gr.« komi: rofið neðri deild alþingis«.
4. Við 9. gr. Í stað »10 kosnir hlutfallskosningum um land alt tölu þingmanna breytt« — komi: kosnir hlutfallskosningum um land alt.
5. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
16. gr. stjórnarskrárinnar falli burt, en í hennar stað komi:
Þingmenn neðri deildar skal kjósa til 6 ára. Nú deyr einhver þeirra eða

fer frá áður en kjörtímabilið er á enda, og skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það sem eftir er kjörtímans.

Þingmenn efri deildar skal kjósa til 10 ára, 7 þingmenn 5. hvert ár, og jafnmarga varamenn um leið. Nú verður sæti autt í efri deild áður en kjörtímabil er úti, og tekur þá það sæti sá varþingmaður, sem til þess var kosinn.

Nánari reglur um kosningarnar verða settar í kosningalögum.

6. Við 11. gr. Orðin »eða vistskyld« (í 2. málsgr.) og »og vistskyldu fólki« (í 4. málsgr.) falli burt.
7. Við 12. gr. Milli »Alþingis« og »hver sá« bætist inn i er.
Síðasta málsgrein (»Nánari reglur« o. s. frv.) falli burt.
8. Aðaltillaga við 15. gr.: »eða minni« í síðustu málsgr. falli burt.
9. Væratillaga við 15. gr.: »Breytingartillögur hvorri þingdeild um sig« falli burt.
10. Í upphafi 16. gr. komi »burt« fyrir »niður«.
11. Við 16. gr. Fyrir »ásamt með« komi »ásamt«.
12. Við 17. og 18. gr. Í stað »falli niður« komi; »falli burt«.
13. Við 18. gr. Í stað »stjórnarskipunarlaganna frá 3. okt.« komi: »stjórnarskipunarlaganna 3. okt.«.
14. Við 18. gr. Fyrir »engæta« komi: »en gæta«.
15. Við 20. gr. Í stað »til barnafræðslu gjöld þau« komi: »til háskóla Íslands eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið, gjöld þau«.
16. Við 23. gr. Í stað »rjúfa Alþingi« komi: »rjúfa neðri deild Alþingis«.
17. Við 23. gr. Síðasta orðið »stjórnarlög« breytist í »stjórnarskipunarlag«.
18. Aftan við 23. gr. bætist ný málsgrein:
»Sömu meðferð sæti frumvörp til laga um samband Íslands og Danmerkur«.
19. Við »ákvæði um stundarsakir«.
Í fyrstu málsgrein breytist »tíu« (á báðum stöðum) í »tjótán«.
Í 2. málsgrein breytist »6« í »5« og »hlutfallskosning« falli burt.
20. Niðurlagsgreinin »þegar stjórnarskipunarlag þessi . . .«, út til enda, falli burt.